

UMF TINDASTÓLL

Stofnað 1907



Ársskýrsla 2006

Ársskýrsla Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2006

Lagt fram á aðalfundi félagsins 29. mars 2007.

Stjórn U.M.F. Tindastóls, sem kosin var á aðalfundi félagsins 27. mars 2006:

Gunnar Þór Gestsson, formaður
Magnús Svavarsson, varaformaður
Jakob F. Þorsteinsson, ritari
Elínborg Svavarsdóttir, gjaldkeri
Gunnar Björn Rögnvaldsson, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn:

Arnar Halldórsson
Snorri Styrkársson
Ómar Bragi Stefánsson

Í stjórn félagsheimilisins Bifrastar:

Frímann Guðbrandsson, aðalmaður
Pálmi Sighvats, varamaður

Skoðunarmenn reikninga:

Jón Hallur Ingólfsson
Gunnar Þór Sveinsson

Stjórnarfundir voru haldnir óreglulega á árinu. Rétt til setu á stjórnarfundum hafa auk stjórnar og varastjórnar félagsins, formenn deilda félagsins eða aðrir stjórnarmenn sem fulltrúar þeirra.

Bókaðir stjórnarfundir á liðnu starfsári voru 13.

Heiðursfélagar Ungmennafélagsins Tindastóls

Árni Guðmundsson, Súluhólum 2, Reykjavík
Guttormur Óskarsson, Sauðárkróki

Íþróttamaður Tindastóls

Kosning íþróttamanns Tindastóls fer fram á fundi aðalstjórnar félagsins, þar sem kosningarétt hafa auk aðalstjórnarmanna og varamanna í stjórn félagsins, formenn deilda félagsins eða fulltrúar þeirra. Kosningin að þessu sinni fór fram 5. desember 2006.

Íþróttamaður Tindastóls var kjörinn Sævar Birgisson.

Aðrir sem tilnefndir voru til kjörsins voru

Gísli Eyland Sveinsson

Einar Helgi Guðlaugsson

Ísak Einarsson

Vilborg Þórunn Jóhannsdóttir

Tilnefningar á íþróttamanni Skagafjarðar frá Tindastóli

1. Sævar Birgisson

Síðasta vetur varð Sævar fimmfaldur íslandsmeistari í skíðagöngu. Í sínum flokki þ.e. 17-19 ára var það í 10 og 15 km. göngu með hefðbundinni aðferð, 10 km. göngu með frjálstri aðferð og í göngutvíkeppni. Auk þess varð hann íslandsmeistari í sprettgöngu í opnum flokki karla á Skíðamóti Íslands. Sævar tók einn þess þátt í fjölda móta í Noregi s.s. norska meistaramótinu og Norges Cup mótum. Hann var einnig fulltrúi Íslands á Norðurlandamóti sem haldið var í Finnlandi.

Sævar hefur verið valinn í A-landslíð Íslands í skíðagöngu og stærsta verkefni hans í vetur verður þátttaka í heimsmeistaramóti unglunga sem haldið verður á Ítalíu í lok janúar á næsta ári.

Sævar stundar nám við Skíðamenntaskóla í Lillehammer í Noregi og æfir af kappi undir stjórn þjálfara.

2. Vilborg Þórunn Jóhannsdóttir

Vilborg er íþróttakona af heilum hug, hún stundar æfingar af kappi alein oftastnær og sleppir ekki úr æfingu hvað sem á dinur enda er árangurinn eftir því.

Hún er fyrirmynd annarra íþróttamanna innanhúss sem utan.

Síðastliði ár varð hún íslandsmeistari í 100m grindarhlaupi auk þess sem að hún er með frábæran árangur í öllum þrautgreinum en hún er fjölþrautarkona og árangur hennar í kúlu, stöng, hástökki og spjóti er algjörlega frábær en þar er hún með 2-3 besta árangurinn á árinu.

Vilborg var áberandi í Bikarkeppni FRÍ 1 deild sem að haldin var hér á Sauðárkróki í sumar en þar má segja að hún hafi dregið vagninn ásamt nokkrum eldri íþróttamönnum en liðið okkar er ákaflega ungt.

3. Ísak Einarsson

Ísak Einarsson hefur verið kjörinn körfuknattleiksmaður ársins.

Í hópípróttum er stundum erfitt að gera upp á milli einstaklinga sem mynda lið. Þó er það svo að alltaf eru einhverjir sem skara framúr hverju sinni. Á því ári sem er að líða hefur Ísak Einarsson verið fremstur meðal jafningja.

Ísak átti stóran þátt í sigri Tindastóls í 1. deild á síðasta keppnistímabili. Þá hefur hann verið fremstur í flokki liði sínu það sem af er þessu ári. Í haust hefur hann leikið betur en nokkru sinni fyrr bæði í vörn og sókn. Einnig hefur hann æft vel á árinu og leikur nú betur en nokkru sinni áður. Þá hefur hann ekki síður farið fyrir sínum mönnum með mikilli baráttu og sigurvilja.

Frá formanni

Hjá Ungmennafélaginu Tindastóli starfa fimm deildir af fullum þunga. Hver deild annast reksturinn á ábyrgan hátt og skila tekjuafgangi flest árin. Á síðstu misserum hefur félagið lokið við greiðslu á lánum sem mun skila sér í auknu fjármagni til reksturs hvernar deildar fyrir sig. Við lítum því bjartsýn fram veginn.

Á aðalfundi þann 27. mars 2006 urðu miklar breytingar á aðalstjórn félagsins þar sem aðeins varaformaður félagsins hélt áfram starfi. Fyrirverandi stjórnarmenn höfðu starfað fyrir félagið í allt að þrjátíu ár og eiga miklar þakkir fyrir þeirra framlag til íþróttamála í Skagafirði.

Síðasta haust var tekin sú ákvörðun að hætta rekstri íþróttaskólans og breyta áherslum í yngriflokkastarfi félagsins. Samkomulag var gert við Árvist um íþróttaskóla fyrir fyrsta til þriðja bekk -- Ársport. Íþróttakennarar Árskóla sjá um kennsluna í sal Árskóla við Freyjugötu. Samvinnan við Árvist hefur gengið ágætlega og er í þróun. Þessari ákvörðun fylgdi meira álag á þær deildir félagsins sem stóðu að íþróttaskólanum og hafa þær staðið sig með sóma. Gríðaleg fjölgun hefur orðið á iðkendum hjá félaginu í þessum yngstu aldurshópun. Stefna er tekin á frekari eflingu á yngriflokkastarfi félagsins.

Fyrstu mánuðir ársins 2006 voru góðir fyrir skíðadeild félagsins. Nægur snjór var á skíðasvæðinu og lyftan opin fram eftir vori. Hingað komu margir aðkomumenn til skíðaiðkunnar og keppnisfólk var duglegt að nýta aðstöðuna okkar. Íþróttamaður Tindastóls árið 2006 var Sævar Birgisson skíðagöngumaður. Hann landaði nokkrum íslandsmeistaratitlum á árinu og hefur verið við nám og æfingar í Noregi síðan í haust. Framkvæmdir hófust við uppsetningu snjóframleiðsluvéla en ekki er ljóst hvenær þeirri framkvæmd verður lokið. Ljóst er að skíðafólk í Skagafirði lítur öfundaraugum austur yfir Tröllaskaga þar sem Dalvíkingar og Akureyringar hafa framleitt snjó með ágætum árangri síðan í haust á meðan snjólaust hefur verið á skíðasvæði félagsins.

Karlalið meistaraflokks körfuknattleiksdeildar félagsins vann sér á ný sæti í úrvalsdeild eftir sigur í fyrstu deild síðasta vor þar sem Ísak Einarsson var fremstur meðal jafningja. Liðið keppir nú á ný á meðal þeirra bestu í landinu og hefur þegar tryggt sér áframhaldandi veru í efstu deild. Ekki er starfandi meistaraflokkur kvenna

Þetta tímabilið. Yngri flokkar skiluðu ágætum árangri á síðsta ári. Eftir að rekstri íþróttaskólans var hætt á haustmánuðum hefur flokkum sem æfa körfuknattleik fjölgað verulega. Sérstaklega er aukning hjá stelpunum. Mun fleiri börn og unglingar stunda nú reglulegar æfingar en síðustu árin.

Sunddeild félagsins er einnig með öflugra starfssemi fyrir börn og unglinga. Æfingar hafa verið stundaðar af kappi og árangur ágætur. Þar hefur Einar Helgi Guðlaugsson skarað frammúr.

Knattspyrnudeild félagsins hefur sett sér þau markmið að einbeita sér enn frekar að barna- og unglिंगastarfinu, með það að markmiði að byggja upp sterka leikmenn en einnig sterka einstaklinga sem skila sér út í samfélagið sem heilsteyptar og góðar manneskjur. Það verður því ekki gerð nein tilraun til að kaupa sér árangur í meistaraflokkum deildarinnar. Meistaraflokkur karla tókst ekki að vinna sér sæti í úrslitakeppni 3. deildar sem voru okkur öllum vonbrigði. Liðið er ungt og stefnir upp á við. Þar leiðir Gísli Eyland Sveinsson markmaður hópin. Árangur yngri flokkar var vel viðunandi. Haldið var glæsilegt Króksmót 12. og 13. ágúst og komu um 550 þátttakendur frá 19. félögum. Landsbankamótið var 24. og 25. júní fyrir 3. og 4. flokk kvenna. Rúmlega hundrað keppendur mættu til leiks. Á haustmánuðum fjölgaði svo flokkum deildarinnar þegar íþróttaskólinn hætti rekstri. Deildin fór þó ekki af stað með yngsta aldursflokkinn fyrr en á allra síðustu vikum.

Frjálsíþróttadeild félagsins starfar ennþá af miklum krafti þrátt fyrir að nokkrir áberandi einstaklingar hafi yfirgefið félagið og leitað suður í aðrar og betri aðstæður. Fjölmargir íþróttamenn hafa staðið sig mjög vel og nokkrum íslandsmeistaratitlum hefur verið skilað til félagsins. Þar hefur Vilborg Þórunn Jóhannsdóttir leitt hóp yngri keppenda og sýnt af sér gott fordæmi. Flest mót eru sótt undir merkjum UMSS og stærst þeirra eru Landsmót og Unglingalandsmót. Yngstu iðkendum sem áður æfðu með íþróttaskólanum stunda saman æfingar hjá deildinni.

Síðasta haust hafði Sveitarfélagið frumkvæði að útgáfu frístundabæklings. Allar deildir félagsins komu að útgáfu bæklingsins. Þetta er vísir að enn frekari samvinnu íþróttá- og afþreyingaraðila innan Skagafjarðar.

Ungmennafélagið Tindastóll hefur hafið vinnslu nýrrar vefsíðu fyrir félagið. Opnun hennar er á næstu vikum. Þar verður hægt að fylgjast með störfum félagsins allt árið. Heimasíðuslóðin er <http://www.tindastoll.is>

Gunnar Þór Gestsson